

Nd.

94. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkisútvarpið getur veitt landshlutasamtökum og/eða einstökum sveitarfélögum heimild til að reka sjálfstæðar, en staðbundnar útvarpsstöðvar. Nánar skal kveða á um slíkan útvarpsrekstur í reglugerð, sem háð er samþykki Ríkisútvarpsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er viðurkennd staðreynd, að fjölmiðlar hafa tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum. Krafan um óháðari fréttapjónustu, opnari umræður og dreifingu valds í þjóðfélaginu hefur stuðlað mjög að þeirri þróun, og dagblöð, útvarp og sjónvarp hafa bæði verið orsök og afleiðing þessara breytinga. Blöð eru smám saman að hrista af sér ok flokkspólítískrar ritskoðunar, útvarp, bæði hljóðvarp og sjónvarp, túlka ekki lengur hlutleysisregluna á þann hátt, að enginn, sem þar kemur fram, megi hafa skoðun, og æ fleiri einstaklingar eru til kvaddir til að tjá sig, bæði í ræðu og riti.

Það tjáningarfrelsi, sem hefur ávallt verið á borði, en er nú raunverulega í orði, hefur gert þjóðfélagið frjálst og opinskárra. Fjölmiðlar hafa fundið til máttar síns og einstaklingar hafa óspart nýtt sér þessa möguleika. Ábyrgð þeirra er meiri, og áhrifin eru að sama skapi mikil og vaxandi. Augljóst er að áfram mun stefna í frjálsræðisátt og kröfurnar munu vaxa um enn meiri dreifingu þess valds, sem fjölmiðlun felur í sér. Dreifing valds og ábyrgðar á þessum vettvangi leysir úr læðingi viðleitni og áhuga manna til að láta frá sér heyrna, miðla öðrum af þekkingu sinni, listagáfum eða umsvifum. Þessi þróun verður ekki stöðvuð og hana má ekki stöðva.

Á síðasta þingi flutti Guðmundur H. Garðarsson alþm. frumvarp til laga um frjálsan útvarpsrekstur. Það frumvarp náði ekki fram að ganga. Það er þó skoðun flutningsmanns, að þess verði ekki langt að bíða, að öllum borra manna þyki slíkur útvarpsrekstur sjálfsagður. Pólítískir fordómar og þröngsýni koma þó í veg fyrir, að þingið samþykki slíkt frumvarp.

Við umræður um fyrrnefnt frumvarp kom hins vegar í ljós, að almennur skilningur og fylgi virtist vera fyrir því, að settar yrðu á stofn staðbundnar útvarpsstöðvar, sem væru undir stjórn og umsjá heimamanna sjálfra, sveitarstjórnna eða samtaka á þeirra vegum. Þessi sjónarmið komu heim og saman við frumvarp til laga, sem flutningsmaður þessa frumvarps lagði fram fyrir nokkrum árum og er nú endurflutt.

Hugmyndin er sú, að slíkar stöðvar verði settar á stofn í hverjum landsfjórðungi, eftir því sem efni standa til. Útvarpað verði tvo til fjóra tíma dag hvern, fluttar fréttir og frásagnir úr heimabyggð, auglýsingar sem fyrst og fremst þjóni viðkomandi héraði, lista- og menningarþættir verði af heimaslóðum, samdir og fluttir af heimamönnum sjálfum. Efni af þeim toga má aftur nota í Ríkisútvarpinu og gagnkvæmt, en almennt séð væru slíkar dagskrár hvati og aðhald fyrir aðrar stöðvar um að gera betur og standast samkeppni. Að slíkum stöðvum yrði ótvíræð þjónusta og kiörinn vettvangur til að koma á framfæri efni, hvort heldur fréttum, skemmti- eða menningarþáttum, sem höfðuðu til viðkomandi byggðarlags öðru fremur.

Rekstur staðbundinna útvarpsstöðva væri undir yfirstjórn Ríkisútvarpsins og í nánú sambandi við höfuðstöðvar þess, en kostnaður yrði að langmestu leyti borinn uppi af hverju byggðarlagi, með auglýsingum, heinum framlögum sveitarstjórnna og öðrum styrkiðum eftir atvikum.

Samkvæmt núgildandi útvarpslögum hefur Ríkisútvarpið einkarétt á útvarpsendingum. Þetta frumvarp felur í sér, að tekið verði upp heimildarákvæði í gildandi lög um staðbundnar útvarpsstöðvar. Er þá rutt úr vegi fortakslausri löggjöf, sem kemur í veg fyrir að tilraunir hefjist með útsendingar af því tagi, sem hér hefur verið lýst. Í framhaldi af þeirri lagabreytingu verður unnt að útfæra nánar af útvarpsstjórn og útvarpsráði, í samráði við fjórðungsþing eða landshlutasamtök, einstök atriði við framkvæmd þessa ákvæðis.